

# STJÓRNARTÍÐINDI B 54 – 1999

26. maí 1999

1135

Nr. 398

## REGLUR

**um breytingu á reglum um smíði og búnað báta með mestu lengd  
allt að 15 metrum nr. 592/1994 með síðari breytingum.**

### 1. gr.

4. gr. í kafla V-31 um farþegabáta orðast svo:

- 4.1 Óheimilt er að hafa í farþegabátum tæki eða vélar sem nota eldsneyti með lægri logamörk en 60°C, nema:
- (a) að ákvæði í 5. gr. um loftræstingar séu uppfyllt (í kafla S-8),
  - (b) að ákvæði í 3. gr. um fasta bensíngeyma séu uppfyllt (í kafla S-9),
  - (c) að ákvæði í 4. gr. um eldsneytislagirnir séu uppfyllt (í kafla S-9) og
  - (d) að ákvæði í 5. gr. um fastan slökkvibúnað séu uppfyllt (í kafla S-14).

### 2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í lögum um eftirlit með skipum nr. 35 frá 30. apríl 1993 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 26. maí 1999.*

**Halldór Blöndal.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

6. júní 1999

Nr. 399

## AUGLÝSING

**um deiliskipulag fiskihafnar, Reyðarfirði.**

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 6. maí 1999 samþykkt deiliskipulag fiskihafnar á Reyðarfirði.

Deiliskipulagið tekur til hafnarsvæðisins frá vöruflutningahöfn að vestan og að Rafstöðvarlæk að austan. Skipulagið gerir ráð fyrir iðnaði og hafnartengdri starfsemi.

Uppdráttur og skilmálar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Reyðarfirði, 6. júní 1999.*

F.h. bæjarstjórnar,

**Óttar Guðmundsson** skipulagsfulltrúi Fjarðabyggðar.